



Davíð Aðalsteinn Sverrisson

Fæddur 24. september 1956

Dáinn 25. febrúar 2021



Útför frá kirkju Óháða safnaðarins
föstudaginn 12. mars 2021

Kistulagning

Einsöngur

Blítt er undir björkunum

David Stefánsson - Páll Ísálsson

Forspil – Einsöngur

Let it be

Lennon / McCartney

Bæn

Heyr mína bæn
mildasti blær.
Berðu kveðju mína yfir höf,
syngdu honum saknaðarljóð.

Syngið þið fuglar
ykkar fegursta ljóðaval,
flytjið honum í indælum óði
ástarljóð mitt.

Vanga hans blítt
vermi þú sól,
vörum mjúkum kysstu hans brá,
ástarorð hvísla mér frá.

Heyr mína bæn
bára við strönd,
blítt þú vagga honum við barm,
þar til svefninn sígur á brá.

Draumheimi í
dveljum við þá,
daga langa, saman tvö ein.
Heyr mínar bænir og þrá.

Ólafur Gaukur - Mario Panzeri

Ritningarlestur

Einsöngur

Vegbúinn

KK

Guðspjall

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.

23. Davíðssálmur - Margrét Scheving

Minningarorð

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Pétur Dórarinsson - Amerískt þjóðlag

Bæn og Faðir vor

Líður að dögum, léttir af þoku,
ljóðin sín kveða fuglar af sníll.
Sönginn og daginn, Drottinn, ég þakka,
dýrlegt er orð þitt, lind sönn og mild.

Verðandi morgunn, vindur og sunna.
Vanga minn strýkur náðin þín blíð.
Grasið og fjöllin, Guð minn, ég þakka,
geislar þín sköpun, nú er mín tíð.

Risinn til lífsins, lausnarinn Jesús,
leið sinni beinir, hvert sem ég fer.
Indæl er jörðin, eilíf er vonin,
allt skal að nýju fæðast í þér.

Eleanor Farjeon / Sigríður Guðmarsdóttir - Gelískt þjóðlag

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, –
líf mannlegt endar skjótt.

Moldun – Blessun

Ég líf' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson - Antwerpen 1540 / Breytt 1840

Útspil

Kveðja

Bubbi Morthens

Prestur: Sr. Pétur Þorsteinsson

Organisti og einsöngvari: Kristján Hrannar Pálsson

Kór: Óháði sextettinn

Einsöngvarar: Ragnheiður Sara Grímsdóttir og

Nína Richter

Umsjón útfarar: Útfararstofa Kirkjugarðanna

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug.
Að athöfn lokinni er viðstöddum boðið að þiggja veitingar
í safnaðarheimili kirkjunnar.

